



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð  
Borgartúni 14

105 Reykjavík

Vogabyggð – Bryggjuhverfi - Ártúnshöfði

Á fundi Íbúaráðs Grafarvogs 2. mars 2022 fóru fram umræður um framtíðarskipan íþróttastarfs í Vogabyggð, Bryggjuhverfi og Ártúnshöfða.

Á fundinn mættu formaður menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs, sviðsstjóri ÍTR og skrifstofustjóri þjónustu og rekstrar hjá ÍTR.

Á fundinum lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, íbúasamtaka og foreldrafélaga fram svohljóðandi bókun:

Það er undarleg ákvörðun af hálfu borgaryfirvalda að fá ekki félög úr austurborginni til þess að sinna þjónustu í sínu nærumhverfi. Félög úr austurborginni hafa ítrekað óskar eftir því að fá að sinna þeim svæðum sem núna er verið að úthluta öðrum félögum. Fjölur sinnir núna Bryggjuhverfinu og er verið að taka hverfið af félaginu. Það er gríðarlegur metnaður í starfi íþróttafélaga í austurborginni og kynntu þau starfsemi sína á kynningarfundum fyrir borgaryfirvöldum. Félögin lesa síðan í fundargerðum um þær ákvarðanir að láta önnur félög sinna svæðinu. Fyrir utan það áhugaleysi sem borgaryfirvöld sýna íþróttafélögum í austurborginni með þessari ákvörðun þá hafa borgaryfirvöld ekki svarað erindum félaganna úr austurborginni, sem hafa óskað eftir skýringum á því hvers vegna þau fá ekki að sinna þessum svæðum. Það er undarlegt að keyra þetta mál í gegn án samráðs við félögin í austurborginni, fulltrúunum finnst það furðulegt að málinu hafi ekki verið frestað og það kynnt fyrir þeim íþróttafélögum í austurborginni er óskuðu eftir því að þjónusta þessi svæði en fá ekki að gera það. Það að lesa í fundargerðum um ákvarðanir sem teknar eru af hálfu borgaryfirvalda og hafa gríðarleg áhrif á framtíð þeirra félaga sem fyrir eru í austurborginni ber vott um virðingarleysi fyrir austurborginni.

Ómar Einarsson,  
sviðsstjóri ÍTR.